



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpvaggi

Sveitarfélagið Hornafjörður
Brynja Dögg Ingólfssdóttir
Umhverfis- og skipulagsstjóri
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Djúpivogur, 2. mars 2021
MÍ202102-0065/ 6.09 / Þ.E.H.

Efni: Leirusvæði II, Sveitarfélagið Hornafjörður - lýsing á aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvubréf umhverfis- og skipulagsstjóra sveitarfélagsins Hornafjarðar frá 16. febrúar sl. þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar varðandi lýsingu á breytingu aðalskipulagi Hornafjarðar og gerð deiliskipulags fyrir Leirusvæði II á Höfn. Meðfylgjandi var skipulagslýsingin unnin af ASK arkitektum, dagsett í febrúar 2021.

Tilgangur lýsingar deiliskipulags er að vera leiðbeinandi við gerð nýs deiliskipulags og nær hún einnig yfir breytingu á aðalskipulagi þar sem heimild verður gefin fyrir fjölgun íbúða á svæðinu. Engin byggð er innan skipulagssvæðisins í dag sem er um 4ha og er á uppfyllingu. Fyrirhugað er að afmarka þar lóðir fyrir séreigna- eða leiguhúsnæði en lítið úrval er í boði af lóðum á Höfn. Skipulagssvæðið mun tengjast íbúðarbyggð sem hefur byggst upp samkvæmt skipulagi frá 2007. Austast á skipulagssvæðinu liggur hitaveitulögn og er þar áætluð uppbygging nýs þjóðvegjar.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Minjastofnun Íslands hefur að auki gefið út reglur nr. 620/2019 um skráningu jarðfastra minja vegna skipulags og framkvæmda en hægt er að nálgast þær á heimasíðu stofnunarinnar.

Fornleifaskráning var gerð í tengslum við deiliskipulagsgerð fyrir Fiskhól og Hríshól af Menningarmiðstöð Hornafjarðar; *Fornleifaskráning innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis á Fiskhól og Hríshól/(Tjaldsvæði) á Höfn í Hornafirði* (skýrsla útgefin árið 2016). Einnig var unnin fornleifaskráning í tengslum við deiliskipulag hituveitu af Fornleifastofnun Íslands ses.; *Skráning fornleifa vegna hituveitulagnar frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði – 3. áfangi* (skýrsla nr. FS719-18421).

Í skipulagslýsingunni er fjallað um fornminjar og segir þar að fornleifaskráningu þurfi ekki að vinna á svæðinu þar sem uppbygging er á nýlegri uppfyllingu. Ofangreindar fornleifaskráningar ná að hluta til yfir

**Þuríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

svæðið þar sem fyrirhuguð ný veglína mun liggja samkvæmt aðalskipulagi. Deiliskipulagið sjálft er óskráð en það er innan uppfyllingar sem ekki var til staðar árið 1954 sbr. loftmynd af Höfn frá því ári.

Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingar sveitarfélagsins Hornafjarðar og lýsingu deiliskipulags fyrir Leirusvæði II eins og þær voru kynntar stofnuninni. Breytingar á gildandi deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði á Leirum þarf að kynna fyrir stofnuninni ásamt tillögu að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi fyrir Leirusvæði II. Minjavörður mun þá kanna svæðið á vettvangi. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,

Puriður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagssvið sveitarfélagsins Hornafjarðar (skipulag@hornafjordur.is)

Brynja Dögg Ingólfssdóttir (brynja@hornafjordur.is)